

# Slysatrygging launþega

Skilmáli nr. S-3

Í skilmála þessum þýðir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

## 1. kafli Bótasvið

### 1. gr. Hver er váttryggður - váttryggingasvið

- 1.1. Hinn váttryggði er launþegi í starfi hjá váttryggingartaka.
- 1.2. Félagið greiðir bætur vegna slyss, er sá sem váttryggður er verður fyrir, ef það leiðir til andláts, varanlegrar örorku, tímabundins missis starfsorku eða tannbrots:
  - a) í starfi hjá váttryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.
  - b) í frítíma enda komi það skýrt fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.Bótaþættir sem váttryggingin tekur til koma fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.3. Með orðinu "slys" er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.
- 1.4. Bætur greiðast því aðeins, að slysið sé aðalorsök þess að sá sem váttryggður er, deyr eða missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.

### 2. gr. Upphaf og lok váttryggingarverndar váttryggðs

- 2.1. Ábyrgð félagsins gagnvart váttryggðum hefst þegar hann hefur störf hjá váttryggingartaka.
- 2.2. Ábyrgð félagsins gagnvart váttryggðum fellur niður þegar hann lætur af störfum hjá váttryggingartaka.

### 3. gr. Landfræðilegt gildissvið

- 3.1. Váttryggingin gildir á Evrópska efnhagssvæðinu.
- 3.2. Váttryggingin gildir fyrir váttryggðan utan Evrópska efnhagssvæðisins í allt að sex mánuði talið frá brottfarardegi frá Íslandi nema um annað sé samið og slíkt áritað á váttryggingarskírteini.

### 4. gr. Aldurstakmörk

- 4.1. Sé sá sem váttryggður er 70 ára eða eldri verða váttryggingarupphæðir eftirtaldir hundraðshlutar af hámarksupphæð  

Á 71. ári ....95%	Á 79. ári ..... 55%
- 72. - ..... 90%	- 80. - ..... 50%
- 73. - ..... 85%	- 81. - ..... 45%
- 74. - ..... 80%	- 82. - ..... 40%
- 75. - ..... 75%	- 83. - ..... 30%
- 76. - ..... 70%	- 84. - ..... 20%
- 77. - ..... 65%	- 85. - ..... 10%
- 78. - ..... 60%	
- 4.2. Félagið váttryggir ekki börn yngri en 13 ára fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

### 5. gr. Útreikningur iðgjalds - váttryggingafjárhæðir

- 5.1. Iðgjald váttryggingarinnar tekur mið af störfum, kjarasamningum og fjölda þeirra sem váttryggðir eru.
- 5.2. Hámarks váttryggingafjárhæðir og bótaþættir fara eftir þeim kjarasamningum sem gilda um störf váttryggðs á hverjum tíma.

### 6. gr. Íþróttir, flugferðir og aðrar séráhættur

- 6.1. Váttryggingin nær til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi,svifflugi, fallhlífarstökki og teygjustökki.
- 6.2. Félagið bætir ekki slys sem verða í flugi, nema að sá sem tryggður er sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafyrvalda.
- 6.3. Félagið bætir ekki slys sem verða í fjallaklifri, bjargsigi og froskköfun.

### 7. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna náttúruhamfara

- 7.1. Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi, í einum og sama atburði, á mörgum einstaklingum, sem váttryggðir eru í slysatryggingu launþega, takmarkast heildarbætur félagsins við kr. 200 milljónir. Bætur skiptast hlutfallslega á milli bótaþega.
- 7.2. Takmörkun sú á bótaskyldu sem um getur í gr. 7.1 gildir þótt hinir slösuðu séu ekki launþegar sama váttryggingartaka.

### 8. gr. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu

- Félagið bætir ekki:
- 8.1. slys er sá sem tryggður er verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
  - 8.2. slys sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss;
  - 8.3. slys sem verða vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggingartaka eða váttryggðs;
  - 8.4. slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu vímuefna;
  - 8.5. slys vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem váttryggður er.
  - 8.6. Félagið greiðir ekki bætur vegna slyss þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi úr lögboðinni ökutækjatriggingu, þ.e. hvort sem er ábyrgðartrygging eða slysatrygging ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi. Sama gildir eigi váttryggður rétt til bóta samkvæmt reglum umferðarlaga um tjón af völdum óþekktra og óváttryggðra ökutækja.

8.7 Félagið greiðir ekki bætur ef váttryggður slasar sig í vinnu hjá öðrum en váttryggingartaka, hvort sem um er að ræða launað starf eða ekki eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslyshætta fylgir.

#### 9. gr. Dánarbætur

9.1 Valdi slys dauða þess sem váttryggður er, innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast dánarbætur þær sem í gildi voru á slysdegi, að frádrögnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.

9.2 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufin til þess að leidd verði í ljós dánarorsök eða annað er varðar bótaábyrgð félagsins.

#### 10. gr. Bætur fyrir varanlega örorku

10.1 Valdi slys þeim, sem váttryggður er, varanlegu líkamstjóni, innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.

10.2 Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða (læknisfræðilega örorku). Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

10.3 Örorkubætur greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina samkvæmt fyrirmælum í kjarasamning. Við útreikning örorkubóta skal ekki tekið tillit til örorku sem var til staðar fyrir slysið.

12.4 Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftirfarandi reglum:

a) Missir eða bækluar á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækluar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluuninni fyrir slysið.

b) Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið, með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

c) Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.

d) Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og váttryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.

e) Ef váttryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.

f) Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

#### 13. gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku -Dagpeningar

13.1 Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi.

13.2 Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó hvorki lengur en þann hámarksbótatíma er kemur fram í kjarasamning, váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun né fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi.

13.3 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt kjarasamning, váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast.

13.3 Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

13.4 Stafi starfsorkumissir váttryggðs að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

13.5 Dagpeningar greiðast váttryggingartaka meðan hann greiðir þeim, sem váttryggður er, laun samkvæmt kjarasamningi, en síðan þeim sem váttryggður er.

#### 14. gr. Bætur vegna tannbrots

14.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunnváttryggingarfjárhæð vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7½% af sömu upphæð.

14.2 Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar, eða brot sem ber að höndum þegar sá sem váttryggður er matast.

## 2. kafli. Almenn skilyrði

### 1. gr. Upphaf og lok váttryggingarinnar

1.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Sé iðgjald ógreitt 30 dögum eftir gjalddaga reiknast dráttarvextir á iðgjaldið. Að loknum þessum 30 daga fresti er félaginu heimilt að krefjast iðgjalds innan 14 daga og sé það ekki greitt innan þess frests fellur ábyrgð félagsins úr gildi og váttryggingin fellur niður

1.2 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu váttryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er þó ekki skyld að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar .

- 1.3 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 76. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.
- 2. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu**  
Váttryggingin bætir ekki tjón:
- 2.1. sem stafa beint eða óbeint af kjarnorku, jónandi geislun eða geislavirkum efnum;  
2.2. sem orsakast af styrjöldum, borgarastríði, innrás, óeirðum eða sambærilegum aðgerðum;  
2.3. af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla eða veira;
- 3. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs**  
3.1. Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.  
3.2. Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvik að öðru leyti.
- 4. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka**  
4.1. Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.  
4.2. Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður sbr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.  
4.3. Hafi félagið fengið frá váttryggingartaka rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna getur það sagt upp váttryggingunni með 14 daga fyrirvara. Hafi váttryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið váttryggingunni án fyrirvara sem og öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu.  
4.4. Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við endurnýjun váttryggingarsamnings, veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt, ef félagið óskar þess skriflega sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.  
4.5. Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.
- 5. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð**  
5.1. Váttryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um váttryggingaratburð á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Urskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.  
5.2. Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra tjóninu eða lágmarka það. Váttryggðum ber að hlíta fyrirráðum félagsins sem beinast að því að takmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Sinni váttryggður ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein getur það haft í för með sér takmörkun eða brottfall bótaábyrgðar félagsins sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.  
5.3. Váttryggðum ber að leita læknis strax og slys ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirráðum læknis.  
5.4. Við uppgjör tjóns skal váttryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggða, þvo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.  
5.5. Ef váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika. Við sérstakar aðstæður getur váttryggður þó átt rétt til bóta að hluta sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Eigi þessi grein við getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara sbr. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 6. gr. Breytingar á áhættu**  
Sé tiltekið á váttryggingarskírteini að váttryggður sinni tilteknu starfi og sá starfsvettvangur breytist ber váttryggingartaka/váttryggðum að tilkynna félaginu það án tafar. Við slíkar aðstæður er félaginu heimilt að hækka iðgjald frá þeim tíma er áhættubreytingin varð. Hafi félaginu ekki borist tilkynning skv. 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir áhættubreytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjald verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega sbr. 88. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 7. gr. Endurgreiðsla iðgjalds**  
Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningnum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.
- 8. gr. Endurkröfuréttur félagsins**  
Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.
- 9. gr. Gjald dagi bóta – vextir af tjónskrófu**

- 9.1 Vátryggður, eða sá sem rétt á til bóta getur krafist greiðslu þeirra 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bótanna sbr. 121. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga
- 9.2 Vátryggður á rétt á vöxtum af bótakröfu í samræmi við 123. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 10. gr. Vísitala**  
Vátryggingarfjárhæðir í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir og samsvarandi iðgjald því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.
- 11. gr. Lög um vátryggingarsamninga**  
Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gildir um vátryggingarsamning þennan lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 12. gr. Heimili –Varnarþing-Ágreiningur**  
Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa vátryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

**Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006**

### **Skildagi vegna persónulegra muna starfsmanna (valkvætt)**

Verði starfsmaður vátryggingartala fyrir tjóni á algengum, nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum, o.s.frv. bættir félagið það tjón skv. mati. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað og fást eigi bætt úr annarri vátryggingu. Eigi eru slík tjón þó bætt ef þau verða sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns. Hámarksbætur eru kr. 68.600.- pr. mann. Sjálfsábyrgð í hverju tjóni er árituð á skírteini.